

Fundur í Skólaráði Stöðvarfjarðarskóla. Haldinn 7.maí 2014

Á fundinn mættu: Jónas Ólafsson, Solveig Friðriksdóttir, Guðný Svanhvít Sigurjónsdóttir, Ingibjörg Eypórsdóttir, Rósmarý Dröfn Sólmundardóttir, Jóna Petra Magnúsdóttir, Jóhannes Kristinn Hafsteinsson og Rakel Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði Solveig Friðriksdóttir

1. Skóladagatal

Farið yfir skóladagatal og borið undir ráðið til formlegrar samþykktar. Ráðið samþykkir dagatalið samróma.

2. Aðalnámskrá grunnskóla – nýtt námsmat

Glærukynning á nýrri Aðalnámskrá og nýju námsmati út frá nýju grunnþáttunum.

3. Færsla leikskólans

Til stendur að leikskóladeildin færist yfir í eldri bygginguna. Þá er styttra í útivist og að komast á salerni. Upphafleg staðsetning hentar illa. Framkvæmdir fara væntanlega fram í sumarfrí leikskóla.

4. Samstarf um nám við Grunnskóla Fáskrúðsfjarðar

Okkur er ætlað að skoða möguleika á samlegðaráhrifum skólanna tveggja og aukið samstarf milli skólanna. Myndi kalla á akstur á milli á t.d. Unglingastigi. Við hefðum þá forsendur til að taka t.d. þátt í Legó verkefninu og fleira ef til þess kæmi. Einnig að nemendur frá Fáskrúðsfirði nýttu sér ýmislegt varðandi þau skapandi verkefni sem eru hér í Sköpunarmiðstöð eða Myndmennt o.fl.. Enn á eftir að finna flöt á akstursmálum því bílstjóri þarf að hafa meirapróf.

5. Skólapúlsinn – foreldrakönnun

Farið yfir niðurstöður foreldrakönnunar sem voru mjög góðar miðað við viðmið á landsvísu. Verulega ánægjulegt.

6. Endurnýjun innan ráðsins

Jóhannes hættir í skólanum í vor og yfirgefur okkur þar af leiðandi. Nýr fulltrúi nemanda kemur inn fyrir hann og Rakel situr áfram.

Sumir hafa setið frá upphafi en aðrir róterað. Inga viku úr ráðinu þar sem hún er ekki lengur óháð skólanum og Guðný hættir sem fulltrúi foreldra og kemur inn sem fulltrúi grenndarsamfélagsins. Þá vantar einn fulltrúa foreldra. Foreldrafélaginu verður falið að finna hann. Að öðru leyti er ráðið óbreytt.

Ítrekað fyrir ráðinu að öllum innan ráðsins er frjálst að biðja um fund þegar ástæða er talin til. Einnig að fólk viti að það geti leitað til ráðsins með spurningar og ýmis mál sem borin yrðu undir ráðið.

7. Önnur mál

Rætt örstutt um vinnu Ferðahóps í frímínútnagæslu og því verkefni að fylgja einum nemanda eftir í frímínútum. Sú vinna hefur gengið vel að mestu.